

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 376/2007

2009/EES/11/27

frá 30. mars 2007

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

nr. 2042/2003 til þess að undanþiggja loftfar, sem starfrækt er samkvæmt flugleyfi, frá beitingu þeirrar reglugerðar og vísa þess í stað til ákvæða um viðhald í samþykktum skilyrðum til flugs sem tengjast flugleyfinu.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu ⁽¹⁾, einkum 5. og 6. gr.,

4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2042/2003 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álit Flögöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁴⁾ í samræmi við b-lið 2. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Á aðlögunartímabili til 28. mars 2007, þar sem aðildarríkin voru að fullu ábyrg fyrir öllum þáttum tengdum útgáfu á flugleyfum, gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 ⁽²⁾ ekki um loftför sem flugu samkvæmt slíku leyfi og var þeim loftförum því viðhaldið í samræmi við gildandi innlendar reglur.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

2) Vegna eðlis flugleyfa, sem gefin eru út í hverju tilviki fyrir sig fyrir loftfar sem getur, af ýmsum ástæðum, ekki uppfyllt reglurnar um útgáfu lofthæfivottorða, er ógermingur að setja almennar reglur um viðhald þessara loftfara. Þess í stað skal skilgreina viðeigandi viðhaldsákvæði í skilyrðunum til flugs sem samþykkt eru í hverju tilviki fyrir sig.

1. gr.

Í stað 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2042/2003 komi eftirfarandi:

3) Nauðsynlegt er að bæta við samþykkt nýrra krafna og stjórnsýslumeðferðar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja ⁽³⁾ að því er varðar útgáfu flugleyfa, með því að breyta reglugerð (EB)

„3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfara, sem hafa flugleyfi, á grundvelli sérstaks fyrirkomulags um áframhaldandi lofthæfi eins og þeir eru skilgreindir í flugleyfi sem gefið er út í samræmi við viðaukann (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003.“

2. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 94, 4.4.2007, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2007 frá 6. júlí 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60, 13.12.2007, bls. 26.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1701/2003 (Stjtuð. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 5).

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 707/2006 (Stjtuð. ESB L 122, 9.5.2006, bls. 17).

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 706/2006 (Stjtuð. ESB L 122, 9.5.2006, bls. 16).

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

⁽⁴⁾ Ákvörðun 02-2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. mars 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

framkvæmdastjóri.
